

**69. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
2. apríl 2019 og hófst hann kl. 19:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Heiðrún Hámundardóttir varamaður, Aldís Ylfa Heimisdóttir varamaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fyrir tekið:**

**1. 1904003 - Byggðasafnið í Görðum - ársreikningur 2018**

Fjármálastjóri Akraneskaupstaðar leggur fram ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2018 til samþykktar.

*Fjármálastjóri Akraneskaupstaðar kynnti ársreikning Byggðasafnsins í Görðum og svaraði fyrirspurnum. Ársreikningurinn samþykktur. Fjármálastjóri yfirgaf fundinn.*

**2. 1901344 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2019**

Forstöðumaður leggur fram tillögu að starfsáætlun málaflokksins 2019 til samþykktar.

*Forstöðumaður kynnti tillögu að starfsáætlun málaflokksins 2019 og svaraði spurningum nefndarmanna. Starfsáætlun samþykkt.*

**3. 1609062 - Írski steinninn**

Forstöðumaður leggur fram mat á viðgerðum á Írsku steininum.

*Forstöðumanni falið að leita möguleika varðandi styrkveitingar í viðgerðir á steininum.*

**4. 1903270 - Viðgerðir á listaverkinu Hnöttur**

Forstöðumaður leggur fram mat á viðgerðum á listaverkinu Höttur.

*Nefndin felur forstöðumanni að rita bréf til bæjarráðs þar sem óskað verði eftir að verkið verði lagfært og komið fyrir á nýjum stað utan leiksvæðis leikskólabarna.*

**5. 1804113 - Sólmundarhöfði 2 - Árnahús**

Erindi kynnt fyrir nefndinni.

*Erindi lagt fram.*

**6. 1903264 - Umsókn um styrk - Kvikmyndaframleiðsla - hvernig á að vera klassadrusla**

Erindi kynnt fyrir nefndinni.

*Nefndinni finnst verkefnið áhugavert, fagnar frumkvæðinu og áhuga viðkomandi á upptökum á svæðinu. Þar sem styrkúthlutun til menningarverkefna fyrir árið 2019 er lokið getur nefndin ekki orðið við styrkbeiðninni en bendir á að opnað verður fyrir*

styrki fyrir árið 2020 í nóvember 2019 og að jafnframt sé hægt að sækja um styrki til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands fyrir árið 2020.

**7. 1903317 - Bæjarlistamaður Akraness 2019**

Forstöðumaður leggur fram tillögu um að óska skuli eftir tilnefningum um Bæjarlistamann Akraness 2019 eins og gert hefur verið undanfarin ár.

*Tillaga samþykkt.*

**8. 1901347 - 17. júní 2019**

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefnis.

*Forstöðumaðu kynnti stöðu verkefnisins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.**

Gunnar Ólafur  
Jonella Sigmjónsdóttir  
Aldis Yfa Heimisdóttir  
Joseph E. Þórðsson  
Heiðrun Hamundardóttir  
Helga Kristín Þorgeirsd.  
Rita María Gunnarsd.